

Mosfellsbær og Helgafellsbyggingar ehf.
Tryggvi Jónsson
Þverholti 2
270 MOSFELLSBÆR

2006030045
1604; 9310

Reykjavík, 22. maí 2006

Efni: Tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland, Mosfellsbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Helgafellsbygginga ehf. og Mosfellsbæjar dags. 7. apríl 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland í Mosfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Mosfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Mosfellsbæ með bréfi dags. 28. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. maí 2006, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 21. apríl 2006, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 26. apríl 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Mosfellsbæ með bréfi dags. 8. og 16. maí 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Mosfellsbær og Helgafellsbyggingar ehf. fyrirhuga að leggja tengibraut frá hringtorginu á Vesturlandsvegi um Álafossveg og inn í fyrirhugaða íbúðarbyggð í Helgafellslandi. Tengibrautin verður á svipuðum stað og núverandi vegstæði Álafossvegar næst Vesturlandsvegi að Brekkulandi. Gert er ráð fyrir einni akrein í hvora átt og er heildarlengd brautarinnar um 2.340 m. Gert er ráð fyrir 50 km/klst hámarkshraða frá Vesturlandsvegi að hringtorgi í Helgafellslandi en þar mun vegurinn greinast í tvær 30 km/klst götur sem sameinast á ný í hringtorgi og þaðan mun 50 km/klst vegur liggja áfram til austurs. Umferðarspá gerir ráð fyrir að þegar Helgafellsland er fullbyggt þá verði umferð á kaflanum næst Vesturlandsvegi um 10.000 bílar á sólarhring en nálægt 4.000 bílar á sólarhring á kaflanum við hringtorg í Helgafellslandi þar sem gert er ráð fyrir 30 km/klst. Gert er ráð fyrir gatnamótum inn í núverandi byggð í Löndum og Álafosskvos verður tengd tengibrautinni með T-gatnamótum en endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir göngubraut í námunda við aðkomu að Álafosskvos. Vegna hæðarmunar milli fyrirhugaðrar tengibrautar og tengivegar að Álafosskvos þarf að reisa 2-4 m háan og um 150 m langan varanlegan stöðvegg á mótis við Álafosskvos.

Fram kemur að heildarefnisþörf framkvæmdarinnar sé um 85.000 m³. Þar af sé aðflutt fyllingar- og burðarlagsefni um 52.000 m³ en um 3.500 m³ fáið úr bergskeringum. Uppúrtekt verður um 56.000 m³ en sá hluti þess sem ekki nýtist við framkvæmdina verði nýttur í landmótun og hljóðmanir.

Áhrif á landslag og náttúrufar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð tengibraut fari í gegnum trjálund sum þurfi að víkja við Álafosskvos en þaðan liggi vegurinn að mestu leyti um framræst tún og graslendi. Landið sem tengibrautin muni fara um sé fyrrum landbúnaðarland en hluti þess beri merki nálægðar íbúðarbyggðar. Á svæðinu sé búsvæði fugla, s.s. hrossagauks, stelks, þúfutittlings og skógarþrastar en austar sé kjörlendi heiðlóu, sandlóu, spóa, stelks og þúfutittlings. Fram kemur að ekki sé ástæða til að ætla að fuglalíf svæðisins sé einstakt eða að þar finnist válistategundir. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa bein áhrif á Varmá þar sem áin verður hvorki þveruð né farið að henni. Vegkantur götu muni ekki liggja nær Varmá en 35 m.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt fornleifaskráningu sé talið að þvottalaug leynist í vegstæðinu og hafi Fornleifavernd ríkisins talið nægjanlegt að fornleifafræðingur verði viðstaddur til eftirlits þegar framkvæmdir hefjist við laugina. Aðrar fornminjar í nágrenni framkvæmdanna eru Fjárhús og Álfabyggð en báðar eru minjarnar í meira en 40 m fjarlægð frá fyrirhuguðum götum.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 sé gert ráð fyrir að tengivegur liggi frá núverandi hringtorgi á Vesturlandsvegi í gegnum Helgafellsland og áfram inn á Hafravatnsveg. Í Aðalskipulaginu er gert ráð fyrir því að í framtíðinni verði reist mislæg gatnamót við Vesturlandsveg í stað núverandi hringtorgs. Fram kemur að kynningu á deiliskipulagi framkvæmdarinnar sé nýlukið og athugasemdir sem bárust séu til meðferðar hjá skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Mosfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Landbúnaðarstofnunar kemur fram að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að hljóðstig verði yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða við núverandi hús við Brekkuland og Hagaland og nokkur hús í fyrirhugaðri íbúðarbyggð í landi Helgafells. Einnig verði hljóðstig yfir 55 dB vestast á götu 2 í miðhluta fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í Helgafellslandi. Því þurfi að grípa til sérstakra aðgerða til að hljóðstig verði innan viðmiðunarmarka í framangreindri reglugerð. Í umsögninni kemur fram að í umfjöllun um mótvægisáðgerðir í tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram að gerðar verði manir þar sem hægt er. Gera þurfi ráðstafanir við hönnun húsa á götu 2, t.d. með því að breyta staðsetningu þeirra eða gera ráð fyrir hljóðeinangrandi gleri á efri hæðum bygginga. Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila felist hljóðvarnir í 1,5- 2 m háum vegg og allt að 4 m hárrí hljóðmön.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki komi fram í tilkynningu um framkvæmdina hvort og þá hvernig haft hafi verið samráð við íbúa viðkomandi húsa sem munu fá vegg og/eða hljóðmön við lóðarmörk. Stofnunin bendir á að helstu áhyggjur almennings vegna nýrra vega lúti að hljóðvist og því sé mikilvægt að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa fái

tækifæri til að kynna sér áhrif framkvæmdarinnar og koma að athugasemdum við hana. Þær aðgerðir sem fyrirhugaðar séu geti verið ósættanlegar fyrir íbúa vegna sjónrænna áhrifa. Umhverfisstofnun telur þess vegna mjög mikilvægt að hljóðvarnir séu hannaðar og kynntar íbúum áður en ákvörðun liggja fyrir. Tryggja verði hljóðvist sem uppfylli kröfur en um leið að virða rétt íbúa á útsýni og öðrum réttmætum notum af eignum sínum.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að ekki sé tekið sérstaklega tillit til ýmissa áhrifaþátta sem geta leitt til hækkunar og lækkunar á hljóðstigi s.s. hlutfall bíla á nagladekkjum. Einnig telur heilbrigðiseftirlitið að ekki sé unnt að horfa á hljóðútreikninga frá þessari tilteknu framkvæmd án þess að hávaði frá Vesturlandsvegi og öðrum hugsanlegum þekktum hljóðuppsprettum sé tekinn með í reikninginn. Skv. upplýsingum á teikningum aftast í skýrslunni séu sammögnunaráhrif ekki reiknuð með eins og gert er ráð fyrir í 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum Mosfellsbæjar kemur fram að á kynningartíma deiliskipulagstillögunnar sem nú er til afgreiðslu hjá bæjaryfirvöldum hafi niðurstöður hljóðútreikninga og væntanlegar mótvægisáðgerðir verið kynntar íbúum. Einnig hafi verið haldinn kynningarfundur um hljóðvarnir og stoðvegg með þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Í bókun skipulags- og byggingarnefndar við afgreiðslu á svörum við athugasemdum komi fram að unnið verði í samvinnu við íbúa um útfærslu á stoðveggnum milli Álafoskvosar og tengibrautarinnar. Gera megi ráð fyrir að þegar fyrir liggja tillögur að hljóðvörnum muni þær kynntar íbúum. Hljóðútreikningar bendi til þess að hægt verði að uppfylla kröfur reglugerðar um hljóðstig, þ.e. miðað við 55 dB(A).

Áhrif á Varmá. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hafi verið þrengt að Varmá með ýmsum framkvæmdum. Stofnunin telji því mikilvægt að við val á staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja sé ekki farið nær ánni en þegar hafi verið gert. Þar sem því verði við komið eigi að skilja eftir um 100 m breitt belti meðfram ánni þar sem ekki sé gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengist útivist. Samkvæmt greinargerð um framkvæmdina liggja fyrirhuguð tengibraut á svipuðum stað og núverandi Álafossvegur til austurs. Veginum sé þó lítillega hliðrað til suðurs á kafla, fjær núverandi íbúðarbyggð. Vegurinn muni því liggja eitthvað nær ánni en núverandi vegur. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar liggja þó mun nær Varmá þar sem það svæði sem raskað verður meðan á framkvæmdum stendur sé breiðara en sjálft vegstæðið. Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að framkvæmdasvæðið taki yfir 30-40 m breitt svæði umhverfis götuna. Með tengibrautinni og fyrirhugaðri tengingu við Álafoskvosina sé því þrengt enn frekar að ánni og útivistarsvæði meðfram henni skert. Umhverfisstofnun telur að ekki sé ásættanlegt að ofanvatn verði ekki hreinsað áður en því verði veitt í Varmá enda sé áin á náttúruminjasrá og njóti hverfisverndar samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024. Auk þess hafi Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis lagt til í skýrslu sinni að langtímamarkmið fyrir ástand árinna verði flokkur A, þ.e. ósnortið vatn. Einnig þurfi að tryggja að vatnsbúskapur árinna skerðist ekki. Að mati stofnunarinnar sé umfjöllun um meðhöndlun og áhrif ofanvatns í tilkynningu framkvæmdaraðila ófullnægjandi.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir um hvernig ofanvatn verði meðhöndlað. Heilbrigðiseftirlitið telji þetta afar óheppilegt því það geti t.d. haft veruleg umhverfisáhrif fyrir lífríki ef allt regnvatn verði flutt í burtu og leitt til sjávar. Einungis komi fram að það verði ekki leitt óhreinsað í Varmá. Á sama tíma er útilokað að leggja mat á hreinsun með settjörn fyrr en hönnun hennar og staðsetning liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að ofanvatn á svæðinu verði ekki flutt í burtu heldur skili sér eftir hreinsun í nærliggjandi yfirborðsvatn.

Í svörum Mosfellsbæjar kemur fram að ofanvatn muni í fyrstu sitrast um jarðveginn frá veginum og að ánni og því væntanlega hreinsast á leiðinni. Í dag fari regnvatn beint í ána um regnvatnslögn sem liggur út í hana. Við uppbyggingu hverfisins muni regnvatnslagnir úr götunni verða tengdar við regnvatnskerfi íbúðarsvæða. Fyrir liggi að allt ofanvatn sem falli á svæði utan afmarkaðra íbúðarsvæða muni fara um læki og lagnir í ána án tengingar við kerfi regnvatnslagna úr götum og frá lóðum. Jafnframt muni ofanvatn af stórum opnum svæðum fara í ána án tengsla við regnvatnskerfi gatna, þar sem því verði við komið. En vatn frá regnvatnskerfum gatna og lóða muni ekki fara í Varmá óhreinsað. Á undanförunum árum hafi verið unnið að því að loka lögnum með fráveituvatn sem berist í Varmá og sé hún í dag væntanlega hreinni en hún hefur verið í mörg ár og er stefnt að því að halda þeirri vinnu áfram. Þegar fyrir liggur hvernig farið verður með þann hluta ofanvatns sem fellur á götur og innan lóðar verður það kynnt Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Kjúrsarsvæðis. Áhrif tengibrautarinnar á vistkerfi Varmár muni verða hverfandi, enda sé um mjög lítinn afrennslisflöt að ræða og að mestu í mikilli fjarlægð frá ánni. Meginhluti mögulegrar mengunar muni koma frá íbúðarbyggð og gatnakerfi innan hennar. Þó verði farið í þær ráðstafanir sem tryggi eftir bestu getu að mengun berist ekki í Varmá.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að sjónræn áhrif af framkvæmdinni varði ekki eingöngu íbúa í Helgafellshverfi heldur einnig íbúa í Álafoskvos, bæði vegna vegarins með vegfyllingum og skeringum og vegna hljóðmana. Að mati Umhverfisstofnunar gætu fyrirhugaðar hljóðvarnir haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif fyrir íbúa í núverandi byggð á svæðinu.

Í svörum Mosfellsbæjar kemur fram að þar sem vegurinn liggi lægra í landinu en húsin við Brekkuland muni hæð mana við lóðarmörk vera einn til einn og hálfur metri. Ljóst sé að útsýni skerðist eitthvað frá þeim húsum sem standi næst tengibrautinni. Þess beri að geta að fyrirhuguð íbúðarbyggð á Helgafellslandi komi ekki til með að hafa minni áhrif á útsýni. Tengibraut á þessum stað, þ.e. milli Brekkulands og Álafoskvosarinnar, auk íbúðarbyggðar á Helgafellslandi hafi verið á aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 1983 þegar fyrsta aðalskipulag Mosfellsbæjar öðlaðist gildi, því mátti öllum aðilum vera ljóst að það útsýni og núverandi nálægð við óbyggð svæði yrði ekki um alla framtíð. Því sé ekki um meiri skerðingu að ræða en gera mátti ráð fyrir þegar uppbygging hæfist samkvæmt aðalskipulagi. Úr Álafoskvosinni blasi í dag við nokkuð brött brekka á þeim kafla sem tengibrautin fari um og muni sú ásýnd haldast fyrir utan það að vegurinn muni skerast inn í landið. Vegurinn muni ekki taka útsýni frá Álafoskvosinni af öðru en byggðinni í Brekkulandi. Stoðveggur næst Álafossvegi verði hannaður í samráði við íbúa.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar tengibrautar og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin telur að fá þurfi fornleifafræðing til að hafa eftirlit með framkvæmdum á því svæði þar sem talið er að leifar þvottalaugarinnar leynist. Komi ummerki hennar í ljós þarf að rannsaka þau og skrá áður en framkvæmdum verður haldið áfram. Fornleifavernd ríkisins telur þó nauðsynlegt að verktökum verði gerð grein fyrir staðsetningu minjanna Sauðhóls og fjárhússins til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Í svörum Mosfellsbæjar er fallist á ábendingar Fornleifaverndar ríkisins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 2,3 km langrar tengibrautar frá Vesturlandsvegi um Álafossvog og inn í fyrirhugaða íbúðarbyggð í Helgafellslandi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til

ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði vegna breyttrar landnotkunar frá því sem verið hefur þ.e. lagningar tengibrautar um svæði þar sem ekki er fyrir vegur nú þegar, nema að litlum hluta, ásamt fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem hafa það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum vegna hávaða frá umferð sem mun fara um veginn. Hins vegar er vert að hafa í huga að samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir íbúðarbyggð umhverfis brautina en íbúðarbyggð fellur ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun telur að eðlilegt sé að líta til þess að áhrif tengibrautarinnar einnar og sér verða að mati stofnunarinnar mun minni en áhrif af fyrirhugaðri íbúðarbyggð umhverfis brautina.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna lúti einkum að vatnasviði Varmár. Stofnunin telur að með aðgæslu á framkvæmdatíma verði unnt að standa þannig að framkvæmdunum að þær valdi ekki raski á ánni. Eftir að framkvæmdum er lokið og tengibrautin komin í fulla notkun muni mengunarhætta aukast nokkuð. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnunar um að koma þurfi upp settjörnum eða öðrum nauðsynlegum hreinsibúnaði til að draga úr styrk mengandi efna sem kunna að berast út í Varmá án þess að dregið verði úr vatnsmagni árinna. Skipulagsstofnun telur eðlilegast að uppsetning settjarna eða annars hreinsibúnaðar fari fram samhliða framkvæmdum við fráveitu fyrirhugaðs hverfis.

Fyrirhuguð tengibraut ásamt hljóðvörnum sem ráðast þarf í vegna hávaða frá umferð, munu valda neikvæðum staðbundnum sjónrænum áhrifum í íbúðarbyggð næst veginum. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að vandað sé til endanlegrar útlitshönnunar og útfærslu tengubrautarinnar og hljóðvarna. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að í deiliskipulagi fyrir aðliggjandi svæði verði mörkuð skýr stefna um útlit og frágang tengibrautarinnar og hljóðvarna og sérstaklega verði hugað að því að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum á íbúðarbyggð og útivistarsvæði.

Skipulagsstofnun telur að þar sem sýnt hafi verið fram á að með mótvægisáðgerðum verði unnt að halda hljóðstigi neðan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða við íbúðarhúsnæði sem næst stendur tengibrautinni þá verði áhrif framkvæmdanna á hljóðstig ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að fylgja þurfi tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um að fornleifafræðingur verði viðstaddur þegar framkvæmdir hefjast við þvottalaugarnar, en auk þess telur Skipulagsstofnun að afmarka þurfi Sauðhól og gömul fjárhús svo þær minjar raskist ekki af vangá.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Mosfellsbæjar og Helgafellsbyggina ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Mosfellsbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og efnistaka er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999. Þá þarf Mosfellsbær að ganga úr skugga um að fyrirhugaðar framkvæmdir verði í samræmi við Aðalskipulag

Mosfellsbæjar 2002-2024.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfísráðherra. Kærufrestur er til 23. júní 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfísráðuneytið, Mosfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Landbúnaðarstofnun og Umhverfisstofnun.